




## Tíminn flýgur á fjarlægum hnetti



Allt í alheiminum er á stöðugri hreyfingu. Fyrir skömmu sagði Space Scoop frá því að á þessu augnabliki ert þú á fleygiferð um geiminn á mörg hundruð þúsund kílómetra hraða á klukkustund! Jörðin er á hreyfingu, sólkerfið líka og meira að segja Vetrarbrautin.

Við notum hreyfingu Jarðar í geimnum til að skilgreina tímann. Við köllum þann tíma sem það tekur Jörðina að snúast einn hring um sjálfa sig „dag“ eða „sólarring“. Ár er sá tími sem það tekur Jörðina að ganga einn hring um sólina.

Aðrar reikistjörnur eru mismunandi að snúast í kringum sjálfar sig og sólina. Til dæmis er Merkúrís 87 jarðardaga að fara einn hring um sólina (eða eitt Merkúrísarár). Það þýðir að Merkúrís fer rúmlega fjórum sinnum í kringum sólina á sama tíma og Jörðin fer einn hring. Svo ef þú ert tíu ára á Jörðinni, værir þú 40 ára á Merkúrís!

Sólarringurinn er líka mismunandi á öðrum reikistjörnum. Til dæmis er sólarringurinn á Júpíter aðeins 10 klukkustundir. Nú hafa stjörnufræðingar líka mælt lengd sólarringins á reikistjörnu fyrir utan sólkerfið okkar (fjarreikistjörnu)!

Beta Pictoris b er reikistjarna á braut um fjarlæga stjörnu. Reikistjarnan er 16 sinnum stærri en Jörðin en samt er sólarringurinn þar aðeins 8 klukkustundir! Þetta þýðir að reikistjarnan snúst um sjálfa sig á næstum 100.000 km hraða á klukkustund!

## COOL FACT

Beta Pictoris b snúst miklu hraðar en nokkur reikistjarna í sólkerfinu okkar. Til samanburðar snúst Júpíter um sjálfan sig á um 47.000 km hraða á klukkustund en Jörðin á aðeins 1700 km hraða á klukkustund.

